



Alþingi
Erindi nr. P 139/2618
komudagur 23.2.2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. maí 2011

Tilvísun: 2011040237

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 1225-706. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili


Jafnframt því að vísa til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, á þingskjali 1225, 706. mál, er tekið fram að í 16. gr. frumvarpsins er fjallað um skyldur lögreglu til að tilkynna félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags þegar manni hefur verið vísað brott af heimili sínu.

Í athugasemdum við einstaka greinar frumvarpsins segir meðal annars um 16. gr. að félagsþjónustan skuli viðbúin því að útvega manni húsaskjól í stað þess að hann verði heimilislaus með þeim vandamálum sem sú aðstaða getur haft í för með sér. Það geti skapað ný vandamál að vísa manni af heimili sínu eða dvalarstað sem ekki á í nein hús að venda.

Það er mikilvægt að á þetta sé bent í athugasemdum en þó þykir vanta að á þessu sé tekið með beinum hætti í frumvarpinu sjálfu, verði það að lögum. Þannig mætti bæta við nýrri málsgrein í 16. gr. sem yrði á þá leið að *félagsþjónusta í viðkomandi sveitarfélagi skuli útvega manni húsaskjól sem vísað er af heimili sínu eða dvalarstað, skv. lögum þessum, enda hafi hann ekki í önnur hús að venda.* Með slíku ákvæði er réttarstaða manns gerð skýrari og það mun auðvelda framkvæmd við beitingu þeirra úrræða sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði það að lögum.

Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar við frumvarpið.

F.h. RLS


Gísli Pálsson / Hildur Georgsdóttir